



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Atvinnuveganefndar  
Tjarnargötu 9,  
101 Reykjavík

Sent í gegnum umsagnagátt Alþingis

Reykjavík, 6. júní 2024

## Efni: Frumvarp til laga um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar

Samtök atvinnulífsins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi („samtökin“) vísa til tölvubrúfs atvinnuveganefndar Alþingis frá 5. júní 2024 þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um ofangreint mál. Frumvarpið kveður á um að lagt sé til nýtt stuðningsúrræði til að koma til móts við áhættu rekstraraðila við að halda uppi starfsemi í Grindavík í ljósi jarðhræringa og eldsumbrota sem geisa á svæðinu. Komið er á laggirnar fjárhagsaðstoð á vegum stjórnvalda sem rekstraraðilar, sem verða fyrir óbeinu tjóni á matvælum og fóðri af völdum náttúruhamfara, geta sótt um.

Fyrirtæki sem hefja vinnslu matvæla við þær kringumstæður sem atvinnulíf í Grindavík býr við vegna yfirvofandi hættu um eldgos eða jarðhreyfinga, geta átt á hættu að fyrirvaralaus rýming valdi því að hráefni, hálfunnar vörur eða fullunnar afurðir verði eftir og skemmist. Tímabundið rafmagnsleysi getur einnig valdið tjóni á afurðum og framleiðslutækjum. Fyrirtæki í matvælaframleiðslu geta við allar eðlilegar kringumstæður keypt sér tryggingu gegn slíku tjóni. Fyrirtæki í Grindavík geta það ekki. Tryggingafélög þeirra hafa fullyrt að slík tjón sé undanþegið rekstrarstöðvunartryggingum. Þá er það almennt niðurstaða Náttúruhamfara-trygginga Íslands (NTÍ) að tjón sem urðu á birgðum í upphafi náttúruhamfaranna séu afleidd tjón og ekki hluti þess tjóns sem stofnunin tryggir gegn (eingöngu beint tjón). Ágreiningur er um framangreinda túlkun NTÍ sem kann að verða skotið til viðeigandi úrskurðaraðila. Fyrirtæki í Grindavík og nágrenni hafa bent á að í þessu ástandi felist mikið óhagræði og óvissa sem bætist við aukinn framleiðslukostnað vegna umrædds ástands og gerir samkeppnisstöðu þeirra óásættanlega.

Í 2. mgr. 6. gr. er gildissvið frumvarpsins afmarkað við fyrirtæki í þéttbýli Grindavíkur. Vilja samtökin benda á að náttúruhamfarir hafa haft margháttuð áhrif á atvinnustarfsemi utan þéttbýlisins. Sérstaklega er tilefni til þess að atvinnuveganefnd skoði hvort ekki sé ástæða til að rýmka gildissviðið svo sjóðurinn nái til allra fyrirtækja innan sveitarfélagsins Grindavíkurbæjar. Er þetta í samræmi við umsögn atvinnuteymis Grindavíkurbæjar.

Í 7. gr. er fjallað um að fjárhagsaðstoð sjóðsins felist í veitingu styrkja sem takmarkast af fjárhag og stöðu sjóðsins hverju sinni. Í þessu felst að stjórn leggi mat á hvort skilyrði til styrkveitingar séu uppfyllt og ákveði styrklutfall og eigin áhættu rekstraraðila. Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða styrklutfall og eigin áhættu með mismunandi hætti eftir atvinnugreinum og tegundum eigna og taka í því efni m.a. mið af rekstraráhættu, stærð félaga og umfangi tjóns. Að mati samtakanna er æskilegt að í lögnum verði kveðið á um það strax hver eigin áhætta fyrirtækjanna geti orðið að hámarki og þá ekki hærri en 10%. Ekki er æskilegt að stjórn sjóðsins sé falið svo víðtækt vald sem leitt getur til mismununar fyrirtækja í Grindavík og orðið til þess að fyrirtæki hefji ekki starfsemi aftur á svæðinu. Telja samtökin því rétt að horfið verði frá því



að fela stjórn sjóðsins svo víðtækt mat hvað varðar eigin áhættu og frekar sé jafnræði fyrirtækja í Grindavík tryggt í lögum.

Samtökin styðja frumvarpið og mæla með að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi en vonar að atvinnuveganefnd skoði ofangreindar athugasemdir áður en lengra er haldið. Um er að ræða óviðráðanlega atburði (force majeure) og því eðlilegt í ljósi afmarkaðs hlutverks NTÍ og svo þess að NTÍ bætir aðeins beint tjón á eignum, að hið opinbera taki áhættuna á sínar herðar með hliðsjón af samfélagslegri ábyrgð, þ.e. að samfélagið þrífist ekki ef forsendubrestur er fyrir atvinnurekstri á svæðinu. Í raun má segja að sú staða sem uppi er í Grindavík sé með öllu fordæmalaus enda hafa náttúruhamfarir á Íslandi ekki valdið jafn langvinnu óvissuástandi og nú ríkir í sveitarfélaginu. Samtökin telja frumvarpið vera mikilvægan lið í mótvægisáðgerðum stjórnvalda. Samtökin lýsa sig tilbúin til samtals og samráðs um hvernig best sé að haga slíkri framkvæmd.

### Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Hrefna Karlsdóttir